



Ársskýrsla 2021
Sterkar Strandir

EFNISYFIRLIT

Inngangur _____	3
Meginniðurstöður _____	4
Markmið og tilgangur Sterkra Stranda _____	5
Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn _____	7
MEGINMARKMIÐ OG STARFSMARKMIÐ – STÖÐUMAT _____	8
Yfirlit yfir styrkt verkefni _____	12
2020 _____	12
2021 _____	17
Fundir _____	21
Hugleiðingar verkefnisstjóra _____	22

INNGANGUR

Sterkar Strandir tilheyrja röð verkefna á landsvísu undir stjórn Byggðastofnunar með heitinu *Brothættar byggðir*. Í júní 2020 var haldið íbúaping þar sem íbúar voru kallaðir saman í tveggja daga vinnubúðir. Þinginu var stýrt af Sigurborgu Kr. Hannesdóttur hjá ráðgjafafyrirtækinu Ildi. Í framhaldinu vann verkefnisstjórn stöðugreiningu á svæðinu þar sem tekið var tillit til íbúapróunar, atvinnuþátta og -þróunar, auk sérstöðu byggðalagsins. Niðurstöður íbúapings, fyrrnefnd stöðugreining og aðrar skýrslur sem lágu fyrir um svæðið voru notaðar til að móta framtíðarsýn og markmið sem lögð voru fyrir íbúa til samþykktar á rafrænum íbúafundi þann 12 nóvember 2020.

Verkefninu fylgir fjármagn sem m.a. ætlað er sem hvatning til athafna og ýmissa verkefna, hvort heldur sem þau tengjast atvinnuuppbyggingu eða annarskonar samfélagsverkefnum. Þessi hvatning er í formi styrkja og auglýst er eftir umsóknum í þessa styrki á hverju ári. Árið 2020 var óvanalegt ár til að hefja verkefni af þessu tagi, en jákvætt að meira fjármagn var til úthlutunar úr Frumkvæðissjóði, auk þess fór fram sérstök úthlutun úr Öndvegissjóði Brothættra byggða. Því hefur sennilega ekkert verkefni haft jafn mikla fjármuni til úthlutunar við upphaf verkefnisins, en á móti kemur að vegna þeirra flóknu aðstæðna sem upp hafa komið sökum heimsfaraldurs fékk verkefnið í upphafi ekki þann slagkraft og samhljóm innan samfélagsins og ætla hefði mátt að það hefði fengið í árferði án samkomutakmarkana og þess háttar. Árið 2021 var einnig markað af áhrifum heimsfaraldurs og fór verkefnið ekki varhluta af þeim áhrifum.

MEGINNIÐURSTÖÐUR

Það er rétt rúmlega eitt og hálf ár síðan að verkefnisstjóri Sterkra Stranda hóf störf, og á því tímabili öllu hefur heimsfaraldur sett mark sitt á heimsbyggðina alla og verkefnið hefur ekki farið varhluta af því. Segja má að verkefnið hafi farið hægar af stað en ella, en sé nú að komast af stað með nokkrum þunga. Íbúar eru stöðugt betur að átta sig á þeim tækifærum sem í verkefninu felast og aukinn kraftur er að færast í verkefnið.



MARKMIÐ OG TILGANGUR STERKRA STRANDA

Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Sérstaða verkefnisins er m.a. fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða.

Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.

Undirmerkið Brothættra byggða eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsörðun málefna.

- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Í hverju byggðarlagi er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn skilgreini svohljóðandi loforð til íbúa: „Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu.

Svo sem sjá má á undirmarkmiðunum er lykilatriði að fá fram skoðanir íbúana sjálfra á framtíðarmöguleikum

heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra hagaðila.



VERKEFNISSTJÓRI OG VERKEFNISSTJÓRN

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis Brothættra byggða sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu Sterkar Strandir er staðan vistuð hjá Vestfjarðastofu. Verkefnisstjóri er Sigurður Líndal Þórisson.

Í stjórn verkefnisins Sterkar Strandir sitja nú eftirtaldir aðilar:

- Aðalsteinn Óskarsson, Vestfjarðastofu
- Agnes Arnardóttir, Vestfjarðastofu
- Angantýr Ernir Guðmundsson, fulltrúi íbúa
- Esther Ösp Valdimarsdóttir, fulltrúi íbúa
- Helga Harðardóttir, Byggðastofnun
- Jón Jónsson, fulltrúi Strandabyggðar
- Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri hafa átt gott samstarf og verkefnisstjórn hefur verið góður stuðningur fyrir verkefnisstjóra í hans störfum.

MEGINMARKMIÐ OG STARFSMARKMIÐ – STÖÐUMAT

Sterkir innviðir og öflug þjónusta						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Stofnuð verði vefverslun fyrir svæðið						Kvaka er vefverslun Strandamanna.
Tryggja skipulagða móttöku nýbúa						Óformlegar samræður hafnar
Verkefni sem búa í haginn fyrir ungt fólk kortlögð og stofnuð						Óformlegar samræður hafnar
Allur Innstrandavegur fær bundið slitlag, einbreiðar brýr upprættar, vegrið bætt, Hrutafjörður þveraður.						
Háhraðanet/5G á Hólmavík						
Raforkukostnaður jafnaður milli dreifbýlis og þéttbýlis						
Aukið framboð á fjölbreyttu húsnæði						Hér er ákveðin pattstaða vegna kröfu um stofnframlag
Kanna og kortleggja þarfir á menningar- og tómstundaframboði						
Kortleggja nýsköpunarmöguleika í menntun						
Koma á fót tveimur nýjum tómstundamöguleikum						Sjólfrottafélagið Rán stofnað.
Hefja hitaveituframkvæmdir fyrir Hólmavík						Verkefnið stopp, samningar við landeigendur tókust ekki
Niðurgreiðsla rafmagns til húshitunar á köldum svæðum taki einnig til atvinnuhúsnæðis						

Stígandi í atvinnulífi						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Strandir verði miðstöð þjóðtrúar á Íslandi						Verkefnið Þjóðtrúarfléttan og ötult starf Rannsóknaseturs HÍ skýrir góða stöðu.
Stofnun heilsutengds ferðaþjónustufyrirtækis eða uppbyggingarseturs						Kyrrðarkraftur náði ekki flugi vegna reglugerðaumhverfis.
Tryggja Strandabyggð auknar fiskveiðiheimildir						
Bæta afkomu ferðaþjónustufyrirtækja og auka fjölbreytni þeirra						
Hefja félags- og atvinnustarfsemi tengda sjósporti						Sjóíþróttafélagið Rán stofnað.
Gerðar verði tilraunir með veiðar á grjótakrabba og/eða öðrum vannýttum tegundum, svo sem flundru, til nytja						Hafgustur ehf stofnaður og markmið uppfyllt.
Gera fólki kleift að starfa og setjast að í Strandabyggð og sinna störfum án staðsetningar						Aukin markaðssetning á Þróunarsetrinu komin af stað.
Skipuleggja og framkvæma átak í aukinni fjölbreytni atvinnulífs						
Komið verði á fót a.m.k. einni nýrri einingu/starfsemi í fullvinnslu og sölu afurða úr landbúnaði eða sjávarútvegi						Kjöttvinnslan á Stóra-Fjarðarhorni er komin í gagnið, stutt við vinnsluna á Húsavík og Hafgustur fékk styrk úr Matvælasjóði til fullvinnslu og markaðssetningu afurða úr grjótakrabba.

Möguleikar til fiskeldis rannsakaðir og viðhorf íbúa könnuð						Vestfjarðastofa hefur nýlokið viðamikilli könnun og úttekt.
Stofnuð að lágmarki tvö verkefni sem stuðla að fjölgun skapandi starfa						Ýmis menningarverkefni styrkt 2020 og 2021.
Ráðning ferðamálafulltrúa til sveitarfélagsins, hugsanlega í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög						

Stolt og sjálfbært samfélag

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Þrjú útivistarfélög séu virk og sjálfbær hið minnsta						Skiðafélag Strandamanna, Sjóípróttafélagið Rán og Golfklúbbur Hólmavíkur hafa öll verið studd og eru virk.
Einn nýr ferðamannastaður / gönguleið gerð frá grunni hið minnsta						Samtal hafið um stofnun ferðamálafélags til að vinna svona verk.
Gönguleiðir í Strandabyggð kortlagðar, merktar og hannaðar						--/--
Áhugaverðir staðir í Strandabyggð merktir						--/--
Gerð og miðlun kynningarefnis um útivistarmöguleika í Strandabyggð (á sjó, á skíðum, o.fl.)						--/--
Kortlagning möguleika á verkefnum tengdum svæðis- og þjóðgördum í sátt við samfélag og náttúru						--/--
Sýnileiki svæðisins aukinn og ímynd þess styrkt						Strandir.is farinn í loftið.

Átak í að fegra og hreinsa umhverfið						
Átak í nýtingu Umhverfissvottunar Vestfjarða						
Áhersla lögð á stuðning við rannsóknir, miðlun og hagnýtingu á menningararfi svæðisins þannig að þessum störfum fjölgi um fjórðung						Rannsóknasetur HÍ, Strandagaldur og Sauðfjársetur vinna að þessu.
Stutt við að minnsta kosti tvö verkefni á ári sem stuðla að jákvæðri kynningu og aukinni fréttamiðlun						Strandir.is fékk góðan stuðning.
Malbikun gatna á Hólmavík						
Gangstéttar á Hólmavík bættar						
Verndarsvæði í byggð á Hólmavík samþykkt af íbúum og ráðherra						Tillaga í vinnslu hjá Þjóðfræðistofu.
Stofnun héraðsskjalasafns fyrir Strandir						Skýrsla í vinnslu.
Sérstök kortlagning á þörfum og möguleikum íbúa dreifbýlis Strandabyggðar						
Kynna öflugt menntastarf í Strandabyggð						Óformlegar samræður hafnar.

YFIRLIT YFIR STYRKT VERKEFNI

2020

Sterkar Strandir úthlutaði styrkjum til 11 verkefna sem koma til framkvæmdar á tímabilinu 1. september – 1. apríl. Auglýst var eftir styrkumsóknum í júlí 2020.

Alls voru að þessu sinni til úthlutunar kr. 13.570.000,- sem er samanlögð fjárhæð, árlegrar úthlutunar kr. 5.000.000,- og sérstakrar úthlutunar í tengslum við fjárfestingaráttak Alþingis vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, eða kr. 8.570.000.

Frestur til að skila inn umsóknum var til 24. júlí 2020 og bárust alls 16 umsóknir um styrki. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 42.013.574 en til ráðstöfunar voru, sem fyrr segir, 13.570.000.

Styrkþegar voru eftirfarandi:

Arnkátla er nýstofnað menningarfélag og fékk styrki í 2 verkefni. Þau eru: Vetrarhátíðir í Strandabyggð, en verkefnið snýst um að halda 3 vetrarhátíðir sem hafa nokkuð aðdráttarafl, á Ströndum fyrstu þrjá mánuði ársins 2021. Þar erum að ræða hátíðina Vetrarsól sem fyrirhuguð er í janúar, Hörmungardaga í lok febrúar og Húmorþing í lok mars. Vetrarhátíðirnar fengu 700.000 kr. styrk. Hitt verkefni Arnkötlu er Skúlptúraslóð á Hólmavík – 1. áfangi, en verkefnið snýst um að byggja upp skúlptúraslóð inn fyrir þorpið á Hólmavík, frá Galdrasýningunni og eftir gömlum vegi sem nú er gönguslóði og svæði hugað til útvisar undir Kálfnaborgum. Ætlunin er að byggja upp skúlptúraslóð með 5-6 listaverkum og upphafsreit við Galdrasýninguna á nokkrum árum. Skúlptúraslóðin fékk 300.000 kr. styrk.

Guðfinna Lára og Ágúst Helgi fengu styrk fyrir verkefnið Matvælavinnsla á Stóra-Fjarðarhorni en verkefnið felst í því að koma á fót vinnslurými fyrir matvæli og er megintilgangurinn að skapa aðstöðu til að vinna og þróa vörur úr þeim afurðum sem framleiddar eru í Stóra-Fjarðarhorni. Umfangsmest er lambkjötsframleiðsla en einnig er framleitt holdanautakjöt og útiræktað grænmeti. Við vöruþróun verður horft til aldagamalla matarhefða í bland við nýstárlegri framleiðsluaðferðir. Matvælavinnslan var styrkt um 2.000.000 kr.

Hvatastöðin fékk styrk til tveggja verkefna. Þau eru: Kyrrðarkraftur en því verkefni er ætlað að verða uppbyggingarsetur fyrir fólk sem vill bæta eigin heilsu og móta sér skýra framtíðarsýn og stefnu í lífinu með hjálp galdra, náttúru og sérfræðinga. Markmið verkefnisins er að skipuleggja úrræði sem nýta þau mannvirki, þjónustu og sérþekkingu sem er til staðar í Strandabyggð. Kyrrðarkrafti var úthlutað 2.000.000 kr. Hitt verkefni Hvatastöðvarinnar er Hitalampar til jógaíðkunar en þar mun Hvatastöðin bæta aðstöðu sína og auka á fjölbreytni í þjónustu sinni með því að koma upp innrauðum hitalömpum. Að stunda jóga í hlýjum eða heitum sal hefur notið mikilla vinsælda um árabíl, ekki síst á norrænum slóðum þar sem fólk kemst lítið í hita lungann úr árinu. Hitinn dýpkar iðkunina og liðkar vöðva þannig að hver og einn kemst dýpra í stöðurnar og getur haldið þeim lengur en ella. Hitalamparnir fengu 270.000 kr. styrk.

Leikfélag Hólmavíkur fékk styrk, en þeirra verkefni nefnist Ljósabúnaður fyrir Leikfélag Hólmavíkur. Markmiðið er að bæta ljósabúnað Leikfélags Hólmavíkur, en honum er mjög ábótavant um þessar mundir. Félagið leigði nýleg LED ljós fyrir uppsetningu sína á „Stellu í orlofi“ í febrúar-mars síðastliðnum og er stefnt á að fá álíka ljós til eignar. Þá þarf einnig að

kaupa tölvu sem er tengd við ljósin, en forritið sem er notað til að stjórna þeim er einfalt í uppsetningu og notkun. Árangurinn verður sá að minna mál verður að kenna nýjum ljósamönnum á tæknina og vonandi verða sýningarnar enn flottari en þær eru nú þegar. Núverandi ljósaborð og ljós eru á bilinu 25-30 ára gömul, svo það er löngu kominn tími á uppfærslu. Verkefnið fékk styrk upp á 800.000 kr.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum fékk styrk fyrir verkefni sem nefnist Þjóðtrúarfléttan en því verkefni er ætlað að skapa nýtt starf tengt miðlun á íslenskri þjóðtrú, við Rannsóknasetur HÍ á Ströndum. Það verður unnið í samvinnu við þá aðila í héraðinu og á landsvísu sem vinna að verkefnum sem byggja á þeim menningararfi sem býr í þjóðsögum og þjóðtrú. Hugmyndin með Þjóðtrúarfléttunni er í senn að byggja upp miðlun á efniviðnum og skapa og efla tengsl við fræðifólk og listamenn sem vinna á þessu sviði hér á landi og á alþjóðavísu og styrkja þannig stöðu Hólmavíkur og Stranda sem miðpunkts fyrir skapandi vinnu við þjóðtrúartengd verkefni hér á landi. Verkefnið hlaut 3.000.000 kr. styrk.

Sauðfjársetrið á Ströndum fékk styrk fyrir Útgáfuverkefni Sauðfjársetursins. Verkefnið snýst um að koma á laggirnar bókaútgáfu sem tengjast Ströndum, heima í héraði, þróa aðferðir og vinnubrögð í kringum slíka útgáfu. Munu bækurnar byggja á rannsóknum, viðburðum og sérsýningum, sem unnar hafa verið í samstarfi við Sauðfjársetrið. Þær munu fjalla um afmörkuð þematengd sögu- og atvinnulífstengd efni, en þó miðast allt verkefnið við að fróðleikurinn verði settir fram á hátt sem höfðar til almennings. Fyrstu bækurnar í bókaröðinni hafa verið ákveðnar og stendur til að sú fyrsta sem ber vinnuheitid Strandir 1918 komi út í desember 2020. Verkefnið var styrkt um 500.000 kr.

Strandagaldur fékk styrk fyrir Bættri ímynd og betra útliti á Galdrasýningunni. Nú þegar er Galdrasýningin meginaðdráttarafli í afþreyingu fyrir ferðamenn á Ströndum og dregur marga ferðamenn á svæðið allt árið um kring. Starfsemi sýningarinnar er nú staðsett í tveimur gömlum pakkhúsum við höfnina en þegar hún var opnuð var hún einungis í öðru húsinu en eftir því sem starfsemin vikkaði út með því að koma á matsölu og vera með upplýsingamiðstöð voru báðar byggingarnar nýttar undir starfsemina. Þessar byggingar setja mikinn svip á gamla bæinn á Hólmanvík og því gott útlit mikilvægt. Nú er sýningin orðin 20 ára og kominn tími til að klára lokahnykkinn á útliti hennar. Verkefnið var styrkt um 2.200.000 kr.

Sýslið verkstöð fékk styrk fyrir verkefni sem heitir Matarsmiðjan – Tilraunaeldhús en Matarsmiðjan verður tilraunaeldhús í Sýslinu verkstöð á Hólmanvík. Sýslinu er ætlað að vera miðstöð skapandi greina á svæðinu og samanstendur af fjölbreyttum verkstæðum þar sem hægt er að vinna vörur úr allskyns efnum og með Matarsmiðjunni opnast tækifæri til að hanna og þróa samhliða matvæli og matartengdar vörur. Matarsmiðjan mun styðja við nýsköpun á Ströndum og verður opin fyrir smáframleiðendur og frumkvöðla til vöruþróunar og tilraunastarfsemi gegn vægu gjaldi. Verkefnið var styrkt um 1.000.000 kr.

Að lokum var það Trésmiðjan Höfði sem fékk styrk fyrir verkefnið Atvinnuhúsnæði á Hólmavík en verkefnið er könnun á þeim möguleika að byggja atvinnu og geymsluhúsnæði á Skeiði á Hólmavík. Við lok verkefnis á að vera ljóst hvort einstaklingar eða fyrirtæki hafi hug á að kaupa eða leigja bil í húsinu og hvaða stærð og form munu henta fyrir þá. Einnig verður við lok verkefnis ljóst hvort bygging á húsnæði sem þessu á Hólmavík sé fjárhagslega framkvæmanlegt. Verkefnið hlaut styrk um 800.000 kr.



Verkefnisstjórn Sterkra Stranda samþykkti þessa styrkveitingu að fengnu álitni úthlutunarnefndar á fundi sínum þann 10. ágúst 2020. Vanhæfnisreglna var gætt í hvívetna í ferlinu öllu.

Einnig fékk Sýslið verkstöð 8,7 milljóna styrk úr Öndvegissjóði Brothættra byggða fyrir verkefnið strandir.is.

2021

Auglýst var eftir umsóknum 10. febrúar 2021. Umsóknarfrestur rann út 10. mars 2021. Alls voru að þessu sinni til úthlutunar kr. 7.270.000 kr.

Alls bárust 31 umsókn um styrki. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 32.299.328 kr. en til ráðstöfunar voru, sem fyrr segir, 7.270.000 kr. Fjöldi góðra umsókna barst en ekki var hægt að úthluta styrkfé til allra verkefna að þessu sinni þar sem heildarupphæð umsókna var mun hærri en það fé sem til úthlutunar var.

Verkefnisstjórn Sterkra Stranda samþykkti þessa styrkveitingu á fundi sínum þann 8. apríl 2021 Vanhæfnisreglna var gætt í hvívetna í ferlinu öllu.

Styrkþegar og verkefni þeirra voru eftirfarandi:

Ágúst Óskar Vilhjálmsson hlaut 1.000.000 kr styrk til verkefnisins Krabbaveiðar frá Hólmavík. Hugmyndin með verkefninu er að kanna hvort um nýtanlegt magn grjótkrabba til nytja á svæðinu og möguleika þess að gera krabbaveiðar að atvinnugrein á Hólmavík.

Café Riis fékk 650.000 kr styrk til að gera útisvæði við þetta glæsilega gamla hús á Hólmavík. Verkefnið snýst um að endurbæta og stækka þann sólpall sem við húsið er, og bæta og fegra útisvæði kaffihússins. Að verkefninu loknu mun Café Riis enn nú heldur getað sinnt hlutverki sínu sem staðarprýði og einkennismynd Hólmavíkur.

Aleksandar Kuzmanic fékk 600.000 kr styrk fyrir verkefnið Hólmavík öl – viðskiptaáætlun. Tilgangur verkefnisins er að gera viðskiptaáætlun og fýsileikarýni fyrir hugsanlegt örbrugghús á Hólmavík.

Golfklúbbur Hólmavíkur hlýtur 600.000 kr styrk til uppbyggingar golfvallarins.

Markmiðið er að byggja upp þrjú grín á golfvöllinum í Skeljavík til að gera völlinn betri og samkeppnishæfari. Árangurinn yrði betri golfvöllur, en núna eru sex vel nothæf grín á völlum og þrjú sem þarf að endurbæta.

Náttúrubarnaskólinn (Sauðfjársetur á Ströndum) hlaut 600.000 kr styrk fyrir Náttúrubarnahátíðina 2021. Verkefnið Náttúrubarnaskólinn snýst um að byggja upp vandaða menntatengda ferðaþjónustu á Ströndum. Markmiðið er að vinna með jákvæðum þáttum í ímynd svæðisins og skapa jákvæða víxlverkun með framkvæmdum, markaðssetningu og umræðu. Námskeiðahald er á dagskránni fyrir börn og fullorðna, einnig hátíðahöld, útgáfa og fjölmargir skemmtilegir viðburðir. Langstærsti viðburðurinn er þematengd Náttúrubarnahátíð í júlí 2021 þar sem áhersla er lögð á þátttöku listafólks og tengsl við skapandi störf.

Skíðafélag Strandamanna hlaut 600.000 kr styrk til uppbyggingar á skíðasvæðinu í Selárdal. Markmiðið er að byggja upp og efla skíðasvæðið í Selárdal og efla starfsemi Skíðafélags Strandamanna sem hefur að aðalmarkmiði að halda úti æfingum fyrir börn og unglinga á svæðinu og stuðla að heilbrigðu líferni og útivist.

Bjarni Þórisson fékk 500.000 kr styrk til stofnunar og búnaðarkaupa fyrir sjóíþróttafélag í Steingrímsfirði. Markmið verkefnisins er að stofna sjóíþróttafélag með almennri þátttöku íbúa.

Hafdís Sturlaugsdóttir fékk 500.000 kr styrk fyrir verkefnið Húsavíkurbúið-tækjakaup. Markmið verkefnis er kaup á tækjum til að auðvelda þróun á nýjum framleiðsluvörum úr

kindakjöti. Sum þessara tækja eru til að létta verk sem áður hafa verið unnin í höndum en önnur til að geta búið til vörur sem ekki hefur verið hægt hingað til.

Arnkatla - lista- og menningarfélag fékk 500.000 kr styrk til verkefnisins Skúlpúraslóð - annar áfangi. Markmið verkefnisins er að auka aðdráttarafl Hólmavíkur fyrir ferðafólk og listunnendur með því að byggja upp skúlpúraslóð inn fyrir þorpið á Hólmavík, frá Galdrasýningunni og eftir gömlum vegi sem nú er gönguslóði og til útivistar undir Kálfanesborgum.

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa hlaut 400.000 kr styrk til að vinna úttekt um héraðsskjalasafn. Markmið verkefnisins er að gera úttekt um stofnun Héraðsskjalasafns á Ströndum. Afraksturinn verður skýrsla um efnið. Á grundvelli skýrslunnar á að vera hægt að taka ákvarðanir um framhaldið.

Kyrrðarkraftur hlaut 350.000 kr styrk fyrir skrifstofuaðstöðu fyrir verkefnastjóra. Markmið verkefnisins er að útbúa vinnuaðstöðu fyrir verkefnastjóra/-stýru Kyrrðarkrafts með því að leigja skrifstofu í Þróunarsetrinu á Hólmavík og kaupa tölvu, skrifstofuhúsgögn og búnað auk þess að auglýsa starfið.

Sauðfjársetur á Ströndum hlaut 300.000 kr styrk til útgáfu bókarinnar Álagablettir á Ströndum. Bókin er byggð er á sýningu um efnið á Sauðfjársetrinu í Sævangi og frekari rannsóknum höfunda á efninu. Bókin verður talsvert myndskreytt og ætluð almenningi og áhugafólki um sögu og menningararf svæðisins. Um er að ræða samvinnuverkefni Sauðfjárseturs á Ströndum sem leiðir verkefnið og Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum -

Þjóðfræðistofu. Þjóðfræðingarnir Jón Jónsson og Dagrún Ósk Jónsdóttir eru höfundar bókarinnar.

Leikfélag Hólmavíkur fær 270.000 kr styrk fyrir verkefnið Leikfélag í 40 ár. Markmið verkefnisins er að draga saman til varðveislu og miðlunar, í formi covid-vænna viðburða, sögu félagsins sl. 40 ár. Einnig að vekja athygli á mikilvægi leikfélagsins í samfélaginu í Strandabyggð. Safnað verður saman öllu myndefni, ljósmyndum og myndböndum, sem og leikskrá, auglýsingaefni og öðrum skjölum sem tengjast starfsemi félagsins.

Bador slf. hlaut 270.000 kr styrk til verkefnisins Laupur - Setur íslenska hrafnsins – fýsileikakönnun. Markmiðið er að gera fýsileikakönnun á því að fara í framkvæmdir á vatnstankinum fyrir ofan Hólmavíkirkirkju með það fyrir augum að skapa þar aðstöðu fyrir sýningarrými og útsýnispall. Hugmyndin er að setja upp sýningu og fræðslurými um íslenska Hrafninn og jafnvel útbúa toppinn á tanknum sem nokkurs konar "Hrafnslaup".

Að lokum fékk Arnkatla - lista- og menningarfélag sinn annan styrk, en sá er fyrir verkefninu

Allra veðra von - sirkussýning og -smiðja og var upp á 250.000 kr. Um er að ræða sirkussýninguna Allra veðra von og sirkusnámskeið Hringleiks á Hólmavík í samstarfi við Arnkötlu - lista- og menningarfélag. Sýningin er sýnd utandyra þar sem sirkuslistir, leikræn tjáning, náttúra og umhverfi spila saman og mynda einstaka upplifun áhorfanda.



FUNDIR

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri funduðu alls 7 sinnum með fjarfundarbúnaði árið 2021. Því til viðbótar var haldinn íbúafundur þann 22. júní 2021 og verkefnisstjórn kom saman til vettvangsferðar um Strandabyggð og til fundar við sveitarstjórn af því tilefni.

Verkefnisstjóri hefur setið mikinn fjölda funda sem tengjast verkefninu með beinum og óbeinum hætti, þ.m.t. fjölda funda með íbúum er varða ýmis verkefni sem þeim eru hugleikin og aðstoðað fyrirtæki og íbúa. Verkefnisstjórar allra verkefna Brothættra byggða hittast aukinheldur mánaðarlega.



HUGLEIÐINGAR VERKEFNISSTJÓRA

Á síðasta ári setti verkefnisstjóri fram tvær úrbótatillögur í þessum hluta ársskýrslunnar. Sú fyrri var svohljóðandi:

„Styrkfé verði aukið til muna og verði árlega síst minna en það var árið 2020 með viðbótarframlagi vegna heimsfaraldurs. Á sömu forsendum verði Öndvegissjóður árviss, og fjármunir hans síst minni en 2020.“

Það er sönn ánægja að geta tilkynnt hér að þessi tillaga hefur að mörgu leyti nú orðið að veruleika, þar sem samþykkt hefur verið að fjármunir til fjölmennari byggðarlaga verði auknir árið 2022. Þess er ekki vanþörf, og er það skoðun verkefnisstjóra að árangur verkefnisins í atvinnuuppbyggingu stóraukist með tilkomu þessa aukna fjármagns. Er Byggðastofnun hér færðar bestu þakkir fyrir.

Ekki verður hjá því komist hér að geta þess að ýmsar deilur innan stjórnarsýslu og samfélagsins í Strandabyggð hafa verið framgangi verkefnisins til trafala og grafið undan þeirri samstöðu sem nauðsynleg er til að það geti náð tilætluðum árangri.

Hin úrbótatillagan var svohljóðandi og fær að standa óhöggðuð og áfram, þar sem hér hafa aðstæður ekki breyst:

„Hvert ráðuneyti þurfi að skilgreina a.m.k. eina aðgerð sem það komi með inn í hvert einasta þáttökubyggðarlag og ljúki á tímabili verkefnisins.“

Ofangreindar aðgerðir væru ríkissjóði ekki mikil skuldbinding, þar sem þáttökubyggðalög eru ekki mörg á hverjum tíma, en væru lítil skref í þá átt að bæta áratugalangt kerfislægt búsetubundið misrétti.